

Greinargerð.

Þjóðaratkvæðagreiðsla hefur ekki verið höfð á Íslandi síðan 1944, þegar ákveðið var með þjóðaratkvæði að stofna hér lýðveldi. Hins vegar hafa oft verið uppi kröfur á Íslandi um þjóðaratkvæðagreiðslu. Einkum hafa verið uppi kröfur um slíkt vegna varnar- og öryggismála. Þegar deilur stóðu sem hæst vegna inngöngunnar í Atlantshafsbandalagið árið 1949, kröfðust andstæðingar þeirrar inngöngu þess stöðugt, að málið yrði lagt undir þjóðaratkvæði. Á þeim árum var allveruleg skekkja í fulltrúalýðræðinu á þjóðþinginu — sennilega mun meiri en nú er — vegna þess hve einmenningskjördæmi vógu þungt. Víst er að því verður aldrei svarað til hlítar eða með nákvæmni hver raunverulegur þjóðarvilji var í þessu máli á þessum tíma. Gera má ráð fyrir, að einhverjir stuðningsmenn aðildarinnar að Atlantshafsbandalaginu á þessum tíma hafi verið þeirrar skoðunar að Alþingi væri betur til þess fallið að taka ígrundaða og yfirvegaða afstöðu í þessu máli heldur en allur almenn-ingur, sem byggt gæti rök sín meira eða minna á óyfirveguðum tilfinningum augnablikins. Segja má, að þessi „aristókratiska“ afstaða til fólks og þjóðar skini í gegnum umræður um þjóðaratkvæðagreiðslu á þessum tíma.

Síðan þá hafa kröfur um þjóðaratkvæðagreiðslur nokkrum sinnum komið fram, en ekki hlotið náð fyrir augum mætra landsfeðra.

Umræður um þjóðaratkvæðagreiðslur hafa fengið á sig ýmsar myndir. Áberandi einkenni á samfélaginu í dag er það, að hagstjórn undanfarinna ára hefur verið meira eða minna í molum. Ástæðan er meðal annars sú, að skiptar skoðanir eru um það meðal þjóðarinnar, hvert sé eðlilegt samráð löggjafarvalds og forustumanna þrýstihópa. Hluti Alþingis virðist líta svo á, að löggjafarvaldinu sé óheimilt að setja lög um tiltekin svið efnahagsmála nema fá fyrst uppáskrift og samþykki forustumanna þrýstihópa, þetta þýðir með öðrum orðum: ofan við Alþingi, löggjafarvaldið samkvæmt stjórnarskrá, er komið eins konar yfirþingi þrýstihópaforingja. Þó verður ekki séð í fljótu bragði að þetta yfirþingi hafi verið kosið til þess að setja þjóðinni almennar leikreglur, en það kann að vera missýn.

Leiða má að því þung rök, að sá skilningur, að eðlilegt samráð eða kjarasáttmáli þýði valdaafsal Alþingis til forustumanna þrýstihópa, vinnuveitenda, launþega eða bændasamtaka, hafi mjög torvelað alla almenna hagstjórn hér á landi á undanförunum árum. Skoðanakannanir dagblaða sem auðvitað er skylt að taka með miklum fyrirvara, hafa sýnt, að þó fólki mislíki stórlega tilteknar ákvarðanir stjórnvalda, þá á sama tíma mislíkar jafnstórum meiri hluta ólögmaetar aðgerðir, sem framkvæmdar eru í mótmælaskyni. Óvissan um valdmörk Alþingis og forustumanna þrýstihópa hefur hins vegar mjög dregið úr getu stjórnvalda til skarpra aðgerða, hversu nauðsynlegar sem slíkar aðgerðir kunna að hafa verið frá sjónarhóli heildarinnar séð.

Bæði má hugsa sér að þjóðaratkvæðagreiðslur fari fram um tiltölulega einfaldar spurningar, eins og til dæmis áfengan bjór, og eins að þjóðaratkvæðagreiðslur fari fram um flóknari mál, eins og heildstæð lagafrumvörp um efnahagsmál. Þegar fólk kys stjórnmalaflokk með því að setja X fyrir framan bókstaf (sem er vissulega umdeilanleg aðferð) er það með einföldum hætti að taka ákvörðun um flókið málefni. Stjórnmalaflokkur er flókin samsetning, þar sem mörgum skoðunum er raðað saman eftir flóknum leiðum. Samt er fólki gert að svara með einum og einföldum krossi. Og ef svona má spyrja um stjórnmalaflokka, því má ekki spyrja eins um lagafrumvörp?

Óskýr valdmörk hins kjörna ríkisvalds annars vegar og forustu þrýstihópa hins vegar hafa skapað mikla óvissu í efnahagsmálum á undanförunum árum og áratugum. Ákveðin löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslur, þar sem einfaldur meiri hluti Alþingis getur ákveðið með tiltölulega skömmum fyrirvara að viðhafa þjóðaratkvæðagreiðslu, sem yrði þá í reynd eins konar skoðanakönnun, sem Alþingi aftur

skuldbindi sig til þess að fara eftir, gæti höggvið á margan hnútinn, sem upp hefur komið í samfélaginu á undanförunum árum.

Þróun margra fjöldasamtaka hefur verið í þá veru, að upphaflega eru þau samtök hins venjulega manns, tiltölulega einföld í sniðum og með ljós og mörkuð verkefni. Þegar stundir liða fram, breytist hins vegar svipur og yfirbragð. Þá geta þessi sömu fjöldasamtök fjarlægst upphaflegt markmið sitt með miklum hraða. Þá verða þau að valdakerfi með flóknu þrepalýðræði, miklu skrifstofuhaldi og margslungnu kosningakerfi. Slíkar flækjur hafa iðulega leitt til firringar; það verður félagslegur óravegur frá hinum venjulega félagsmanni til forustu- og valdahóps. Fráleitt er auðvitað að alhæfa um slíka þróun, en fullyrða má hins vegar, að slíkrar þróunar sér víða stað.

Hlutverk ríkisvaldsins, til dæmis að því er tekur til stjórnar almennra efnahagsmála, hefur orðið býsna óljóst, meðal annars vegna þessarar þróunar. Það er skoðun flutningsmanna að skýr og einföld löggjöf um þjóðaratkvæði höggvi að hluta á þennan hnút. Vitneskja þrýstihópa um það, að sú leið er til að skjóta umdeildum málum til þjóðarinnar, beint og milliliðalaust, ætti að gera öllum skylt að huga að fjölda vilja í ríkari mæli en gert hefur verið. Eins yrði það til bóta, að viðkvæm deilumál yrðu leyst með þessum hætti — til skemurri eða lengri tíma eftir atvikum.